



## Fræðslunefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

### Fundargerð.

38. fundur fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í fundarsal sveitarstjórnar, þriðjudaginn 7. október 2014 kl. 8.15 f.h.

Fundinn sátu:

*Guðný Tómasdóttir formaður, fulltrúi sveitarstjórnar*

*Ása Valdís Árnadóttir varaformaður, fulltrúi sveitarstjórnar*

*Pétur Thomsen fulltrúi sveitarstjórnar*

*Sigmar Ólafsson skólastjóri*

*Bjarni Þorkelsson fulltrúi grunnskóladeildar*

*Dagný Davíðsdóttir fulltrúi foreldra*

*Ingibjörg Harðardóttir sveitarstjóri*

*Erna Jónsdóttir fulltrúi leikskóladeildar*

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ása Valdís Árnadóttir.

#### 1. Fræðslunefnd, verkefni vetrarins.

*Nánari upplýsingar um skólanefnd - Samband Íslenskra sveitarfélaga [www.samband.is](http://www.samband.is).*

*Meginverkefni; fylgjast með skólanum, leik- og grunnskóladeild.*

*Fara yfir aðalnámskrá í lok hvers skólaárs – í maí.*

*Skóladaatal.*

*Starfsáætlun á að vera klár í byrjun hvers skólaárs – unnið af skólastjóra.*

#### 2. Leikskólamál.

*1. nóvember kemur Veiga Dögg tilbaka úr fæðingarorlofi.*

*Upplýsingafundur foreldra leikskólabarna ákveðinn fimmtudaginn 16.október klukkan 20:00.*

#### 3. Skólalþing.

*Rætt um ráðgjafafyrirtæki og kom fram að Capacent væri að standa sig best í utanhaldi um svona þing. Inga heldur áfram að ræða við Magnús Schram og fær tölur um kostnað.*

*Halda annan fund með fulltrúa frá Capacent fyrir áætlað þing.*

*Tillaga að dreifiriti lögð fyrir og rætt var að hafa þingið fimmtudaginn 6.nóvember.*



## Fræðslunefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

### 4. Önnur mál.

*Þagnarheit undirrituð af nefndarmönnum.*

*Sumaropnunartími leikskólans verður tekinn fyrir eftir skólaþing.*

*Rætt var um þátttöku kennara á skólaþinginu og spurt hvernig fræðslunefndin sæi fyrir sér aðkomu kennara að þinginu. Formaður tók af skarið með það að þátttaka kennara (og skólastjóra) í málþinginu væri sjálfsögð og þar eigi þeir að láta ljós sitt skína til jafns við aðra þátttakendur. Aðrir fundarmenn tóku undir þetta sjónarmið formannsins.*

Fundi slitið klukkan 9:30